

Reykjavík, 17. desember 2020

Til: Borgarráðs - borgarradsgogn@reykjavik.is

Frá: Helga Þór Ingasyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Efni: Plast sem sent hefur verið til endurvinnslu erlendis – svar við fyrirspurn R20100408

Á fundi borgarráðs þann 29. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Hvert er heildarmagn plasts sem sent hefur verið frá Sorpu til endurvinnslu erlendis frá árinu 2014-2020? Þá er óskað eftir upplýsingum um hversu lengi stjórn Sorpu hefur haft vitneskju um að plastið hafi ekki verið endurunnið? Hvað hyggst stjórn Sorpu bregðast við málinu og eru uppi áform um að leiðrétta tölur yfir endurvinnslu og endurnýtingu hjá Reykjavíkurborg í ljósi þessara upplýsinga.“

Spurning 1

Hvert er heildarmagn plasts sem sent hefur verið frá Sorpu til endurvinnslu erlendis frá árinu 2014-2020?

Svar: 10.010 tonn, til og með nóvember 2020.

Spurning 2

Þá er óskað eftir upplýsingum um hversu lengi stjórn Sorpu hefur haft vitneskju um að plastið hafi ekki verið endurunnið?

Svar: Stærsti hluti plasts sem fer frá SORPU er blanda af plastumbúðum og öðru plasti. Það plast sem berst í farvegi fyrir flokkað plast er ekki allt endurvinnanlegt. Stór hluti umbúða er blanda af ýmsum plasttegundum eða blanda af plasti og öðrum efnum, sem gerir plastið óendurvinnanlegt.

Haustið 2018 bárust upplýsingar frá Stena, móttökuaðila plasts frá SORPU í Svíþjóð, um að allt plast þyrfti tímabundið að fara til orkuvinnslu vegna aðstæðna á markaði í kjölfar lokunar Kína fyrir móttöku á plasti. SORPA setti samstundis, 16. október 2018, frétt um málið á heimasíðu SORPU.

Um mitt ár 2019 og fram til síðustu áramóta voru aftur sendar tilraunasendingar af plasti frá Stena til flokkunar hjá Swerec. SORPA telur að frá síðustu áramótum hafi allt plast farið í gegnum flokkun hjá Swerec og það sem var hæft til endurvinnslu hafi farið til endurvinnslu. Samkvæmt tölum frá bæði Stena og Úrvinnslusjóði er það að jafnaði um 40% þessa efnis sem SORPA sendir til Stena.

Forsvarsmenn SORPU hafa auk þess fundað með forsvarsmönnum bæði Stena og Swerec til að fá enn betri mynd af ferli þess plasts sem fer frá SORPU. Ferillinn er, samkvæmt upplýsingum frá Stena, eftirfarandi: SORPA sendir efnisstraum til Stena. Stena fjarlægir úr þeim straumum það plast sem fyrirtækið getur sent til endurvinnslu hjá samstarfsaðilum sínum. Afgangurinn er sendur til Swerec til frekari flokkunar og Swerec vinnur úr það plast sem Swerec getur komið til endurvinnslu hjá sínum

samstarfsaðilum. Það efni sem Swerec getur ekki notað er sent aftur til Stena, sem kemur efninu til orkuvinnslu í orkuveri í Svíþjóð.


Í ljósi umfjöllunar um plast er loks tekið fram að samkvæmt upplýsingum frá Stena fór efni sem SORPA sendi Stena ekki til Swerec fyrr en í fyrsta lagi í júní 2019, löngu eftir að skipt var um stjórnendur hjá Swerec vegna atvika sem komu upp hjá fyrirtækinu 2017.

Spurning 3

Hvað hyggst stjórn Sorpu bregðast við málinu og eru uppi áform um að leiðrétta tölur yfir endurvinnslu og endurnýtingu hjá Reykjavíkurborg í ljósi þessara upplýsinga?

Svar: Undirritaður telur svar við spurningu 2 hafa svarað fyrri hluta þessarar spurningar en telur sig ekki vera réttan aðila til að svara fyrir Reykjavíkurborg í þessum efnum. Stjórn SORPU samanstendur þar að auki af fulltrúum sex sveitarfélaga, sem öll hafa sína stefnu hvert í úrgangsmálum.

Virðingarfyllt,



Helgi Þór Ingason,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.